

### 3) Ályktun um Náttúruminjasafn Íslands:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 28. febrúar 2009 í Kópavogi, fagnar setningu laga um Náttúruminjasafn Íslands vorið 2007 og vonast til þess að málefni safnsins séu loksins komin í góðan farveg. Jafnframt er minnt á ályktanir fyrri aðalfunda félagsins til margra ára um málefni Náttúruminjasafns Íslands, höfuðsafns íslensku þjóðarinnar í náttúrufræðum, sem félagið hefur sett á oddinn í meira en heila öld. Hið íslenska náttúrufræðifélag hvetur menntamálaráðherra og aðra hlutaðeigandi aðila til að beita sér næstu árin af fullum þunga fyrir því að ráðast í byggingu veglegs náttúruminjasafns, sem hafi aðsetur á höfuðborgarsvæðinu, helst í miðborg Reykjavíkur í námunda við önnur höfuðsöfn þjóðarinnar.

Félagið leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að vanda vel til allrar vinnu sem snýr að stefnumótun og skipulagningu á starfsemi hins nýja safns. Brýnt er að Náttúruminjasafn Íslands starfi í nánum vísindalegum tengslum við þá fjölmörgu aðila sem rannsaka, unna og sýsla með náttúru landsins. Í þessu sambandi ber einkum að horfa til Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem umfram flestar aðrar opinberar rannsóknarstofnanir hefur lögboðnum skyldum að gegna á sviði almennrar skráningar íslenskrar náttúru. Hið íslenska náttúrufræðifélag minnir á samofna sögu og tengsl félagsins við Náttúrugripasafn Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og nú síðast Náttúruminjasafn Íslands og væntir góðs samstarfs við ráðuneyti mennta- og umhverfismála um framtíðarmálefni Náttúruminjasafns Íslands.“

#### Greinargerð.

Hið íslenska náttúrufræðifélag minnir á, að í ár eru liðin 120 ár frá stofnun félagsins, en megintilgangur með stofnun þess, 16. júlí 1889, var „*að koma upp sem fullkornustu náttúrugripasafni á Íslandi.*“ Slíku safni var ætlað að vera landssafn, sem hefði setur sitt í höfuðstað Íslands, og hefur því jafnan verið litið til Reykjavíkur í því tilliti. Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnaði líka og rak náttúrugripasafn í 58 ár á tímabilinu 1889 – 1947, eða þangað til safnið var afhent ríkinu til eignar og rekstrar, ásamt vænum húsbýggingarsjóði, sem félagið hafði safnað í tímans rás.

Um náttúrugripasafnið voru sett lög 1951 og ríkisstofnunin Náttúrugripasafn Íslands hóf starfsemi. Árið 1965 varð Náttúrugripasafnið að Náttúrufræðistofnun Íslands með nýrri lagasetningu. Þrátt fyrir alúð og ástundun ýmissa starfsmanna Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur safnið jafnan búið við þröng kjör. Síðastliðin rúm 40 ár, eða fram til vors 2008, hefur safnið verið í illa aðgengilegu bráðabirgðahúsnæði við Hlemm, í tveimur sölum hvorum á sinni hæð. Vorið 2008 var safninu við Hlemm lokað og safngripir hafðir í geymslu fyrir luktum dyrum. Staða húsnæðismála í dag er verri en fyrir heilli öld og tæpum tveimur áratugum betur, þegar safnið var í heimahúsi Benedikts Gröndals, fyrsta formanns HÍN og forstöðumanns safnsins á tímabilinu 1889-1900. Hér er ólíku saman að jafna við önnur helstu söfn þjóðarinnar, Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðarbókhöfundu, sem öll hafa tiltölulega nýlega fengið úrbætur á húsnæðismálum.

Ný lög voru sett um Náttúruminjasafn Íslands vorið 2007 og ráðinn safnstjóri sem skipuleggur og byggir upp hið nýja safn. Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er lögum samkvæmt (2. gr, 35/2007): „... að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi. Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu.“

Gott og öflugt náttúruminjasafn um náttúrufræði er aðall og stolt hverrar velstæðrar þjóðar og dýrmætur fróðleiksbrunnur fyrir þegna og gesti viðkomandi lands. Í ljósi þess að Íslendingar byggja og hafa byggt atvinnu sína og líf í landinu á náttúru þess í mjög ríkum mæli, og ekki síður í ljósi þeirrar staðreyndar, að langflestir ferðamenn, sem sækja landið heim, gera það vegna náttúru þess, er hneisa að geta ekki boðið landsmönnum og ferðalöngum upp á vandað og veglegt höfuðsafn um náttúru landsins.

Náttúra Íslands er um margt mjög athyglisverð og sérstök í hnattrænu samhengi. Okkur ber því siðferðisleg skylda til að uppfræða landsmenn og gesti okkar um hana. Hér er ekki aðeins vísað til jarðfræðilegrar sérstöðu landsins, sem felst einkum í ungri jarðsögu, fjölbreytileika jarðmyndana og góðu aðgengi þeirra, heldur einnig til lífríkisins, sem að miklu leyti mótast af jarðfræði og legu landsins og einkennist öðru fremur af fáum tegundum, en gjarnan stórum og sterkum stofnum. Þar við bætist oft á tíðum óvenjumikill breytileiki í útliti og lífsháttum innan tegunda. Aðstæður á Íslandi, með unga náttúru í örri þróun og mótun, ásamt myndrænni fegurð í stórbrotnu landslagi elds og ísa, eru óvíða að finna annars staðar á jörðinni. Þessari náttúrugersemi eigum við að gera viðeigandi skil með kynningu og fræðslu í veglegu Náttúruminjasafni Íslands.

Samrit sent:  
Borgarstjóranum í Reykjavík  
Menntamálaráðherra  
Menntamálanefnd Alþingis  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Náttúruminjasafni Íslands  
Rektor Háskóla Íslands  
Umhverfisnefnd Alþingis  
Umhverfisráðherra  
Umhverfisstofnun